

Niðurstöður háskólaþings 18. apríl 2012

Dagskrárliður 2. Stefna Háskóla Íslands 2011-2016: Endurskoðuð *Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands.*

Fyrir fundinum lágu drög að endurskoðuðum *Viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands* sem unnin voru af gæðanefnd háskólaráðs. Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu og formaður gæðanefndar, gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Að umræðu lokinni samþykkti háskólaþing tillögu rektors um að málið verði lagt fyrir háskólaráð til afgreiðslu, með hliðsjón af framkomnum athugasemdum og ábendingum á háskólaþingi.

Dagskrárliður 3. Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1. júlí 2012 til 30. júní 2014.

Í 6. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 er kveðið á um skipan háskólaráðs í háskóla þar sem eru fleiri en 5.000 nemendur. Þar kemur fram að auk rektors eigi sæti í ráðinu tíu fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn og eru þrjár þeirra fulltrúar háskólasamfélagsins.

Í 3. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 er kveðið á um hvernig staðið skuli að tilnefningu og kjöri fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands. Tilnefning fulltrúanna þriggja og þriggja varamanna fyrir tímabilið 1. júlí 2012 til 30. júní 2014 fór fram á háskólaþingi 18. apríl 2012.

Niðurstaða kosningarinnar var sem hér segir:

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Hagfræðideild Félagsvísindasviðs (varamaður hennar er Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs)

Börkur Hansen, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs (varamaður hans er Hákon Hrafn Sigurðsson, dósent við Lyfjafræðideild Heilbrigðisvísindasviðs)

Ebba Þóra Hvannberg, prófessor við Iðnaðarverkfræði- vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs (varamaður hennar er Eyvindur G. Gunnarsson, dósent við Lagadeild Félagsvísindasviðs).